

AUGLÝSING

um samþykkt á nýju deiliskipulagi í Mosfellsbæ

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun sem hér segir:

Dalland.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag á jörðinni Dallandi í Mosfellsbæ. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreitum og stækkun á núverandi byggingarreitum. Skipulagssvæðið er 86,5 ha og innan þess gerir tillagan ráð fyrir eftirfarandi byggingarsvæðum:

Svæði ÍB: Svæði með íbúðarhúsi, gróðurhúsi og vinnustofu. Þar verður heimilt að auka byggingarmagn úr 482 m² í allt að 900 m².

Svæði I-3: Heimilt verði að byggja allt að 250 m² starfsmannahús.

Svæði HE-1: Á svæðinu er 1.736 m² tamningarstöð, heimilt verði að byggja við svo heildarbyggingarmagn verði allt að 3.000 m².

Svæði HE-2: Á svæðinu er hesthús, heimilt verði að byggja við svo byggingarmagn verði allt að 400 m².

Ofangreind ný deiliskipulagsáætlun hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 15. júlí 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2019